

Bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar greiði áfrýjanda, Lárusi Jóhannessyni, f. h. dánarbús Ragnars Ólafssonar, 300 kr. í málskostnað í hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Tekjur þær, er lögtakspoli hefir haft af sildarstöð sinni, verða að teljast falla undir ákvæði útsvarslaganna 46/1926, 8. gr. b. „lóðarafnot, er gefa arð“, er útsvar megi leggja á, og skal lögtakið því fara fram.

Miðvikudaginn 20. apríl 1932.

Nr. 57/1931. **Lárus Jóhannesson, f. h. h/f. Hinar Sameinuðu Íslenzku verzlanir Seyðisfirði í Likvidation**

(Lárus Jóhannesson)

gegn

**Guðmundi Bjarnasyni og gagnsök**

(Th. B. Líndal).

Krafa stefnda um launauppbót og bætur fyrir atvinnutjón m. m. eigi talin á rökum reist.

*Dómur gestaréttar Seyðisfjarðar 4. febr. 1931:* Gagnstefndur, Lárus Jóhannesson, f. h. Sam. isl. verzlana, greiði gagnstefnanda, Guðmundi Bjarnasyni, kaupfélagsstjóra, Seyðisfirði, kr. 327,20 ásamt 5% ársvöxtum frá 1. okt. 1928. Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans.

**Dómur hæstaréttar.**

Í máli þessu, er áfrýjað hefir verið til hæstaréttar af hálfu beggja aðilja, gjörir aðaláfrýjandi þá

kröfu, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 3267.28 með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1927, 321 kr. 50 a. í málskostnað í undirrétti, að hann verði sýknaður af öllum gagnkröfum stefnda og loks, að honum verði dæmdur málskostnaður í aðalsök og gagnsök í hæstarétti.

Gagnáfrýjandi krefst þess hinsvegar, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 5417 kr., þannig, að 3267 kr. 28 a. þar af gangi til skuldajafnaðar á kröfu aðaláfrýjanda, en að hann fái sjálfstæðan dóm fyrir kr. 2149.72 með 5% ársvöxtum frá 1. okt. 1928, svo krefst hann og málskostnaðar bæði í héraði og hæstarétti.

Krafa aðaláfrýjanda, kr. 3267.28, hefir eigi verið vefengd af stefnda að öðru leyti en því, að hann mótmælir vaxtakröfu hans. Skuld sú, er áfrýjandi telur til, stafar af vöruúttekt stefnda meðan hann var í þjónustu h/f Framtíðin á Seyðisfirði og frá 1921 í þjónustu Hinna Sameinuðu íslenzku verzlana sama staðar, þar til sú verzlun hætti á árinu 1927.

Það er nú viðurkennt, að á meðan stefndi var í þjónustu nefndra verzlana voru honum eigi reiknaðir vextir af skuld þeirri, er hann stóð í við hver áramót og þykir því ekki heimild til að reikna vexti af hinni umstefndu skuld fyrr en hann var krafinn um hana eða frá stefnudegi, 21. sept 1928, og eigi hærri vexti en 5% p. a., sbr. 38. gr. laga nr. 39 frá 1922.

Gagnkröfur stefnda eru í 6 liðum:

1. Uppbót á laun hans sem verzlunarstjóra á Breiðdalsvík, frá 1. jan. 1918 til 30. júní 1920 ..... kr. 1800.00
2. Þóknun fyrir ferðir til Djúpavogs árið 1925 ..... — 300.00

3. Endurgreiðsla á greiddum sjóðs- halla .....	—	317.00
4. Þóknun fyrir ferð til Akureyrar sumarið 1927 .....	—	600.00
5. Þóknun fyrir vinnu við reiknings- skil haustið 1927 .....	—	1000.00
6. Bætur fyrir atvinnutjón .....	—	1400.00

Samtals kr. 5417.00

Ad. 1. Hvað þennan lið snertir heldur stefndi því fram, að sér hafi munnlega verið lofað 2800 kr. launauppbót fyrir þessi 2½ ár. Fyrir þessu hefir stefndi þó eigi fært neinar sannanir með því að framburður þáverandi framkvæmdastjóra verzlunarfélagsins, er leiddur hefir verið sem vitni í málinu, er svo óákveðinn í þessu efni, að á honum verður eigi byggt, en móti staðhæfingu stefnda mælir, að það er viðurkennt, að stefnda hafa verið greiddar 1000 kr. í launauppbót fyrir þessi ár, og verður því að gera ráð fyrir, að honum hafi ekki verið lofuð hærri uppbót, enda veikir það og málstað stefnda, að ekki sést, að hann í þau 6 ár, er hann var starfsmaður hjá Hinum Sameinuðu ísl. verzlunum, eftir að hann hætti að vera verzlunarstjóri á Breiðdalsvík, hafi hreyft þessari kröfu eða gert gangskör að því að fá hana viðurkennda, en bækur þær, er stefndi hefir vitnað til og heldur fram, að muni innihalda sannanir fyrir staðhæfingu sinni, neitar áfrýjandi, að séu finnanlegar.

Ad. 2. Þóknun fyrir ferðir til Djúpavogs 1925. Það er viðurkennt, að stefndi hefir þetta ár verið á fullum launum hjá nefndu verzlunarfélagi og að honum hefir verið greiddur ferðakostnaður fyrir

ferðir þessar. Verður að ætla, að í þessum ferðakostnaði sé falin þóknun sú, er ætlast hefir verið til að stefnda bæri ,og getur hann nú ekki komið fram með frekari kröfur fyrir ferðir þessar.

Ad. 3. Sjóðshallinn. Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða dómi hefir þáverandi verzlunarstjóri borið það sem vitni, að stefndi hafi sagt honum frá sjóðsvöntun, er orðið hafi hjá honum, er hann var gjaldkeri á skrifstofu verzlunarinnar á Seyðisfirði og að hann hafi aldrei ætlazt til þess, að stefndi borgaði halla þennan, en í undirrétti hefir því ekki verið nægilega mótmælt, að stefndi hafi greitt sjóðshalla þennan, 317 kr., og hafi eigi fengið hann endurgreiddan. Við flutning málsins hér í réttinum hefir því aftur á móti verið neitað, að stefndi hafi í raun og veru greitt upphæð þessa — Þar sem þessi mótmæli eru of seint framkomin verður eigi tekið tillit til þeirra og með tilliti til yfirlýsingar verzlunarstjórans ber að taka þessa kröfu stefnda til greina.

Ad. 4 Kostnaður við Akureyrarferð. Ferð þessa fór stefndur sumarið 1927 á fund framkvæmdarstjóra skilanevndar verzlunarfyrirtækisins H. Vestergaard, til þess að semja við hann um viðskipti sín við verzlunarfélagið án nokkurs tilefnis frá hans hálfu og að því er séð verður án nokkurrar nauðsynjar til að koma launakröfum sínum fram. Er því engin heimild til þess að taka kröfu þá, er hér ræðir um til greina.

Ad. 5. og 6. lið Stefndi hefir eigi gjört nægilega grein fyrir starfi því, er hann kveðst hafa unnið í þágu verzlunarfélagsins haustið 1927, og eigi heldur verður krafa hans um atvinnutjón tekin til greina, með því að hann hefir eigi gegn mótmæl-

um áfrýjanda sannað, að honum hafi borið lengri uppsagnarfrestur en 6 mánuðir, eða að uppsögnin hafi verið einskorðuð við áramót, svo að honum hafi borið uppsagnarfrestur til ársloka 1927, Hinsvegar mun það vera föst venja, að uppsagnarfrestur verzlunarmanna miðist við 1. dag mánadár. Stefnda var sagt upp starfa sínum hjá verzlunarfélaginu 7. jan. 1927 og bar honum því laun til loka júlímánaðar þ. á. í stað til 7. júlí eða kr. 2916,67 í stað kr. 2597,22, er honum hefir verið greitt. Ber því að dæma áfrýjanda til þess að greiða stefnda vangoldin laun með kr. 319,45.

Frá kröfu áfrýjanda kr. 3267,28 ber því samkvæmt framansögðu að draga kr. 317,00+319,45 kr. =636,45, en eftirstöðvarnar kr. 2630,83 ber að dæma stefnda til að greiða ásamt 5% ársvöxtum frá 21. sept. 1928 til greiðsludags. Svo ber og að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda, er unnið hefir mál sitt að mestu leyti, 600 kr. í málskostnað fyrir undirrétti og hæstarétti.

#### Því dæmist rétt vera:

Aðalstefndi, Guðmundur Bjarnason, greiði aðaláfrýjanda, Lárusi Jóhannessyni, f. h. h/f Hinar Sameinuðu íslenzku verzlani á Seyðisfirði í Likvidation, 2630 kr. 83 a. með 5% ársvöxtum frá 21. sept. 1928 til greiðsludags og kr. 600 í málskostnað í héraði og hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

---

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir gestaréttinum af Lárusi Jóhannessyni, f. h. Sameinuðu isl. verzlana, gegn Guðmundi

Bjarnasyni kaupfélagsstjóra, Seyðisfirði, með stefnu, útg. 21. sept. 1928, til greiðslu á skuld að upphæð kr. 3267,28. — Krefst stefnandi þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér framangreinda fjárhæð með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1927 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Stefndur hefir gagnstefnt stefnandanum, Lárusi Jóhannessyni, f. h. Hin. sam. isl. verzl., og krafizt þess, að hann verði dæmdur til að greiða sér kr. 5417,00 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi gagnsakar til greiðsludags, með eða án skuldajafnaðar við kröfu aðalstefnanda. Ennfremur hefir aðalstefndur krafizt málskostnaðar að skaðlausu.

1. Aðalsök. Aðalstefndur hefir ekki mótmælt aðalkröfunni sem slikri, felst í því viðurkenning á því, að úttektin sé rétt. Ber því að taka hana til greina. Hinsvegar hefir aðalstefndur mótmælt því, að 6% ársvextir af fjárhæðinni frá 1. janúar 1927 til greiðsludags verði tildæmdir. Byggir mótmæli sin á því, að venja hafi verið í viðskiptum sínum við Sam. isl. verzlunir, að verzlunin hafi aldrei tekið vexti af skuld sinni. Hefir aðalstefnandi haldið því fram, að það sé öðru máli að gegna þegar aðalstefndur er farinn úr þjónustu Sam. isl. verzlana. Á þetta verður rétturinn að fallast og verða því eigi þessi mótmæli tekin til greina. Þá hefir aðalstefndur mótmælt vaxtakröfunni sem of hárrí og hefir til vara krafizt þess, að hún verði færð niður í 5%. Byggir hann þessa kröfu sína á 38. gr. laga nr. 39, 1922. Aðalstefnandi hefir mótmælt og borið fyrir sig verzlunartízkú. Rétturinn verður að líta svo á, að þegar verzlunir hafa tekið 6% ársvexti eða meir, sé það byggt á samningi kaupmanns og viðskiptamanns, hinsvegar virðist hér ekki um fasta verzlunartízkú að ræða. Verður því að taka þessa kröfu aðalstefnda til greina.

II. Gagnsök. Umboðsmaður gagnstefnda hefir haldið því fram, að eigi verði felldur sjálfstæður dómur um gagnkröfurnar, þar eð umbjóðandi sinn hafi aðeins haft umboð til innheimtu skulda Sameinuðu isl. verzlana en bresti heimild til að skuldbinda firmað á annan hátt. En á þetta verður ekki fallizt. Ef þetta væri svo, væri gagnaðilli ver settur fyrir það, að hinn aðilinn mætir ekki sjálfur, en sú er ekki tilætlun löggjafans. Þá hefir umboðsmaður gagnstefnda einnig mótmælt kröfum gagn-

stefnanda af þeirri ástæðu, að út hafi verið gefið „præclusivt proclama“, séu kröfur stefnanda því of seint fram komnar. Rétturinn verður nú að lita svo á, að hér séu um kröfur að ræða, sem jafna megi með skuldajöfnuði, og getur því præclusion ekki gilt um þær. Sama er vitanlega að segja um þær kröfur, sem eftir útgáfu innköllunarinnar kunna að hafa orðið til.

Verða nú rakin í rétttri röð kröfur og málsástæður eins og hann hefir sett þær fram:

1. Launauppbótin. Gagnstefnandi hefir krafizt þess, að gagnstefndur verði dæmdur til að greiða sér kr. 1800,00 sem sé launauppbót í 2½ ár, sem hann hafi verið verzlunarstjóri á Djúpavogi frá 1. jan. 1918 til 30. júní 1920. Krafa þessi er byggð á eftirfarandi atriðum:

- a. Munnlegt loforð um uppbótina.
- b. Að aðrir starfsmenn hafi fengið uppbót.
- c. Að sérstakar ástæður hafi þurft að vera fyrir hendi til þess, að hann fengi ekki sömu uppbót og aðrir.
- d. Að þær ástæður hafi ekki verið fyrir hendi.
- e. Að til muni vera samþykkt aðalfundar eða stjórnar um launauppbótina.

Ad. a. Gagnstefndur neitar að gagnstefnanda hafi verið lofað uppbót nokkurntíma, sem hann hafi ekki fengið. Hér er því staðhæfing gegn staðhæfingu, en gagnstefnandi hefir sönnunarbyrgðina. Er þá þessi ástæða fyrir launauppbótinni fallin.

Ad. b. e. Ástæðum þeim, sem í þessum liðum eru taldar, mótmælir gagnstefndur á þann veg, að ef gagnstefnanda hafi borið uppbót hefði hún fyrir löngu verið færð gagnstefnanda til tekna. Rétturinn verður nú að vera gagnstefnanda samdóma um það, að eðlilegast hefði verið, að uppbótin hefði verið færð um leið og hún hafi verið gerð, ef um það er að ræða. En hinsvegar sýnist það eitt cigi geta svipt gagnstefnanda rétti sínum, að uppbótin hafi ekki verið færð honum til tekna, hafi hann á annað borð átt rétt til hennar. Hinsvegar er það með vitna-skýrslu, rjskj. 13, sannað, að stjórn og aðalfundur hafi ákveðið launuppbætur verzlunarstjóra og þeirra, sem höfðu hærri laun, og að uppbæturnar hafi farið eftir procentum, enda er þessu ekki mótmælt af gagnstefnanda. Hefir gagnstefnandi skorað á gagnstefnda að leggja fram

útskrift úr gjörðarbók stjórnar eða aðalfundar, sem sanni hvað gagnstefnanda hafi borið í uppbót. Það er réttilega fram tekið hjá gagnstefnda, að sönnunarbyrgðin hvílir á gagnstefnanda en það er ekki rétt hjá honum, að gagnstefnandi hafi jafna aðstöðu honum að útvega útskrift þessa og leggja hana fram. Umbjóðandi gagnstefnanda hefir gerðabækur þær, sem hér um ræðir, og var því opin leið fyrir gagnstefnda að færa fullar sannanir í þessu efni. Verður þá samkvæmt almennum réttarfarsreglum að telja staðhæfingar gagnstefnanda um uppbótina sannar, enda styður þetta vitnaskýrslan á rjskj. 13.

Verður þessvegna að taka þessa kröfu gagnstefnanda til greina og dæma gagnstefnda til að greiða honum kr. 1800,00.

2 Þóknun fyrir Djúpavogsferðir. Gagnstefnandi hefir krafizt kr. 300,00 fyrir ferðir til Djúpavogs. Byggir hann kröfu þessa á loforðum forstjóra verzlunarinnar um sérstaka þóknun, þar sem þessi ferð hafði ekki verið í verkakring sínum. Gagnstefndur hefir neitað því, að forstjórar hafi lofað þessu, en vitnaframburður annars forstjórans er þýðingarlaus, þar eð hann er um þetta atriði óá-kveðinn. Verður því krafa þessi eigi tekin til greina.

3. Sjóðhallinn. Þá hefir gagnstefnandi gert kröfu um það, að sér verði greiddur sjóðhalli, kr. 317,00, er varð við kassa verzlunarinnar meðan hann var gjaldkeri. Gagnstefndur hefir mótmælt þessari kröfu og stutt mótmæli sin með því, að þar sem gagnstefnandi hafi verið debiteraður fyrir upphæðinni, eigi hann að bera hana, annars hefði upphæðin verið færð á kostnaðarconto. Þá hefir fyrrverandi verzlunarstjóri borið það sem vitni í málinu, að hann hafi skýrt gagnstefnanda frá því, að ætlun sín hafi ekki verið sú, að gagnstefnandi greiddi sjóðhallann. Framburðinum hefir ekki að þessu leyti verið nægilega mótmælt, og verður því að leggja hann til grundvallar. Með tilliti til þessa, ber að tildæma gagnstefnanda upphæð þess eða kr. 317,00.

4. Akureyrarferð. Þá hefir gagnstefnandi krafizt kr. 600,00 fyrir ferð til Akureyrar, er hann kveðst hafa farið til þess að fá réttmætar kröfur sínar um laun teknar til greina, en þar var forstjóri verzlunarinnar, hr. H. Vester-gaard. Gagnstefndur hefir mótmælt kröfu þessari, þar eð

ferð þessi hafi aðeins verið farin í þágu gagnstefnanda, aðeins til þess að koma fram kröfum sínum gegn Vestergaard. Það kemur skýrt fram á rjskj. 8, að Vestergaard hefir synjað kröfum gagnstefnanda, þó hann síðar hafi tekið þær til greina. Verður rétturinn að líta svo á, að hann beri fulla ábyrgð á því er fyrirsjáanlegt má vera fyrir hann, að leiði af synjun þessari. En þar eð gagnstefndur hefir annars ekki hreift mótmælum, á þeim grundvelli að krafa þessi sé of há, verður að tildæma gagnstefnanda hana eins og hún liggur fyrir.

5. Reikningsskilin. Enn hefir gagnstefnandi gert kröfu um þóknun fyrir reikningsskil. Gagnstefndur hefir mótmælt kröfu þessari á þeim grundvelli, að það hafi verið skylda hans að gefa reikningsskil, þegar hann skilaði af sér. Samkvæmt skýrslu umbjóðanda gagnstefnda á rjskj. 8, hefir gagnstefnandi gegnt störfum fyrir Sam. ísl. verzlunar síðasta missirið, við það að taka við peningum, útborga peninga, að sjá um eignir verzlunarinnar og annast sölu á vörum. Verður ekki til þess ætlazt, að gagnstefnandi hefði á sama tíma átt að gera upp bækur verzlunarinnar og jafnframt gera full reikningsskil. Það er rétt hjá gagnstefndum, að gagnstefnandi hafi verið skyldur til þessa, en vitanlega bar honum þóknun fyrir það starf. Gagnstefndur hefir ekki mótmælt kröfu gagnstefnanda sem of hárrí, verður því að taka kröfuna til greina að upphæð kr. 1000,00.

6. Atvinnutjón: Loks hefir gagnstefnandi gert kröfu um bætur fyrir atvinnutjón. Byggir hann kröfu sína á því, að sér hafi verið sagt upp störfum á miðju ári. Viðurkennt er að uppsagnarfrestur hafi verið 6 mánuðir. Verður það að teljast löglegur fyrirvari. Gegn mótmælum gagnstefnda verður krafa þessi ekki tekin til greina.

Samkvæmt framanrituðu ber gagnstefnda að greiða gagnstefnanda alls kr. 3717,00 með 5% ársvöxtum frá 1. okt. 1928 til greiðsludags.

Ennfremur ber stefnda að greiða stefnanda í aðalmálinu, samkvæmt framanrituðu, kr. 3267,38 með 5% ársvöxtum frá 1. jan. 1927 til greiðsludags.

Ber að skoða kröfu þessa greidda með skuldajöfnuði 1. okt. 1928. Er þá krafa aðalstefnanda orðin kr. 3389,80 með vöxtum, verður þá eftir af kröfu gagnstefnanda kr. 327,20.

Með tilliti til framanritaðs þykir eftir atvikum rétt að málskostnaður falli niður.

---

Mánudaginn 25. apríl 1932.

Nr. 129/1931. Landsbanki Íslands, f. h. þrotabús  
Þórðar Flygenring (Th. B. Lindal)  
gegn  
H/f Kveldúlfur. (Jón Ásbjörnsson).

Kröfur áfrýjanda um riftun á skuldagreiðslum  
gjaldþrota til stefnda eigi teknar til greina.

*Dómur gestaréttar Hafnarfjarðar 3. nóv. 1931:* H/f  
Kveldúlfur í Reykjavík ber að sýkna af kærum og kröf-  
um Landsbanka Íslands, f. h. þrotabús Þórðar Flygenring,  
úngerðarmanns í Hafnarfirði, í máli þessu. — Málskostn-  
aður falli niður.

### Dómur hæstaréttar.

Þann 25. okt. 1930 var bú Þórðar Flygenring út-  
gerðarmanns í Hafnarfirði tekið til gjaldþrotameð-  
ferðar og eftir að það við sakamálarannsókn út af  
fjárreiðum hans hafði komið í ljós, að hann á  
gjaldþrotaárinu hafði ívilnað sumum lánardrottn-  
um sínum með greiðslu á skuldum til þeirra, þar á  
meðal stefnda, var það ákveðið á skiptafundi í bú-  
inu 23. jan. f. á., að höfða mál gegn stefnda, til  
riftunar á skuldagreiðslum gjaldþrota til hans ár-  
ið 1930 og fá hann dæmdan til að skila þeim aftur  
í búíð, og var Landsbanka Íslands falið að annast  
málsreksturinn fyrir hönd þrotabúsins. Var riftun-  
armálið rekið fyrir gestarétti Hafnarfjarðarkaup-  
staðar og dæmt þar 3. nóv. f. á. með þeim úrslit-